

Innhelling BCG bóluefnis í þvagblöðru

BCG bóluefni (veiklaðar berklabakteríur) er lyf sem notað er til að meðhöndla yfirborðslægt krabbamein í þvagblöðru. Bóluefninu er sprautað inn í þvagblöðruna. Efnið virkjar ónæmissvar í þvagblöðrunni sem dregur úr líkum á endurkomu krabbameins í þvagblöðru. Áður en meðferð hefst þarf slímhúðin í þvagblöðrunni að vera gróin, því þurfa 2-6 vikur að vera liðnar frá blöðruspeglun.

Lyfjagjöfin fer fram á göngudeild þvagfæra 11A einu sinni í viku í sex skipti. Hver meðferð tekur um 30 mínútur. Í hvert skipti þarf að koma með þvagsýni (morgunþvag) í sýnaglas sem fæst í apótekum.

Undirbúningur fyrir meðferð

Mikilvægt er að BCG bóluefnið þynnist ekki af þvagi. Til að takmarka þvagframleiðsluna á að drekka sem minnst í þrjár klukkustundir fyrir meðferð (dreypa má á vökva). Biðna þarf með þvaglosandi lyf þar til eftir meðferð.

Meðferð

Þvagrásarop er þvegið og þvagleggur settur í þvagblöðruna. Síðan er lyfinu sem er í vökvaformi sprautað inn í þvagblöðruna gegnum þvaglegginn og hann síðan fjarlægður. Meðan lyfið er í þvagblöðrunni er gott að hreyfa sig um af og til.

Þvaglát

Lyfið á helst að vera í þvagblöðrunni í tvær klukkustundir, en ekki lengur. Ef þvaglátsþörf er ekki komin eftir eina klukkustund og 45 mínútur þá er gott að byrja að drekka vel af vökva til að geta þissað.

Við fyrstu þvaglát eftir meðferðina er mikilvægt að sitja á salerni til að bóluefnið dreifist ekki á aðra staði. Eftir þvaglát þarf að loka salerni og sturta tvisvar niður. Einnig er ráðlagt að þvo sér að neðan eftir fyrstu þvaglát.

Drekka þarf að minnsta kosti tvo lítra fyrsta sólarhringinn eftir meðferðina. Þvagið getur orðið blóðlitað og einkenni eins og tíð og bráð þvaglát og sviði geta komið fram. Gott er að eiga verkjalyf til að taka eftir þörfum.

Kynlíf

Nauðsynlegt er að nota smokk við kynlíf á þeim tíma sem meðferð er gefin og í viku eftir að henni lýkur.

Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A eða fara á bráðamóttöku ef:

- Hiti er hærri en 38,5°C eða mikill slappleiki
- Erfiðleikar eru við þvaglát

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga klukkan 08:00-16:00, sími 543 7100. Utan þess tíma er ráðlagt að fara á bráðamóttöku í Fossvogi.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.